



FUNDARGERÐ

7. fundur Vatnsveitu Rangárbæingis ytra og Ásahrepps
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, 7. nóvember 2019
og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Guðmundur Gíslason, Steindór Tómasson, Guðni Kristinsson,
Ágúst Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn Klara Viðarsdóttir undir liðum 1-3.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 051119 - 1911009

Yfirlit janúar-október

Lagt fram yfirlit um rekstur veitunnar fram til loka september 2019.

2. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2019 - 1911011

Vegna reksturs og fjárfestingar

Lögð fram tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2019. Reiknað er með að tekjur verða meiri en áætlað var af vatnsgjaldi og rekstrarkostnaður verði meiri en áætlað var vegna bilana og þurrka. Viðaukinn gerir ráð fyrir að fjárfesting lækki úr 90 milljónum í 70 milljónir á árinu 2019 vegna seinkunar framkvæmda. Samtals áhrif á rekstur kr. 5.342.000 til hækkunar. Samtals áhrif á rekstur og fjárfestingu kr. 14.658.000 til lækkunar.

Viðaukinn samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2020 - 1911010

Tillaga lögð fram

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2020. Tillagan gerir ráð fyrir að tekjur verði 92 mkr, rekstrarkostnaður 64,1 mkr, fjármagnsgjöld 6,7 mkr og rekstrarniðurstaða 21,2 mkr. Fjárfesting ársins verði 120 mkr. Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 110 mkr á árinu 2020.

Samþykkt samhljóða.

4. Stækkun Lækjarbotnaveitu - 1908007

Samningur, verkfundir, eftirlit ofl.

Lagður fram og staðfestur samhljóða verktakasamningur við Þjótanda ehf um stækkun Lækjarbotnaveitu. Rætt um eftirlit með verkinu og ÁS falið að leita samninga við Jón Sæmundsson hjá Verkís og leggja fyrir næsta stjórnarfund. Einnig lagðar fram til kynningar verkfundargerðir 1 og 2 og erindi frá Smíðanda ON.

5. Gjaldskrá Vatnsveitu 2020 - 1911012

Drög að nýrri gjaldskrá

Farið yfir drög að endurskoðaðri gjaldskrá fyrir veituna. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fundargerð yfirlesin og staðfest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.



Haraldur Eiríksson



Guðmundur Gíslason



Steindór Tómasson



Guðni Kristinsson



Ágúst Sigurðsson

